

## Borgarstjórn 7. maí 2019

### Breytingartillaga Sósíalístafllokks Íslands við tillögu um að sex fulltrúar sitji í hverju íbúaráði.

Lagt er til að öll íbúaráð verði skipuð sex fulltrúum.

- Einn fulltrúi verði kjörinn af borgarstjórn, skal sá fulltrúi koma úr hópi borgarfulltrúa eða fyrstu varaborgarfulltrúa

Skal fulltrúinn hafa sterka tengingu við svæðið, helst með eigin búsetu.

- Tveir fulltrúar verði skipaðir úr hópi íbúa af virkum grasrótarsamtökum úr hverfunum, þar af einn skipaður af íbúasamtökum og einn skipaður af foreldrafélögum.
  - o Þau grasrótarsamtök sem koma til greina eru þau sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð, haldi reglulega aðalfundi með kosningum og skili inn árlegu yfirliti um störf sín. Staðfesting á notkun lýðræðislegra vinnubragða skal liggja fyrir við upphaf kjörtímabils.
  - o Skulu sætin flytjast árlega á milli starfandi íbúasamtaka og foreldrafélaga eftir samkomulagi milli þessara félaga og starfsmanns íbúaráða og skal planið um útteilingu sætanna lagt fram í íbúaráðinu við upphaf kjörtímabils.
  - o Skulu viðkomandi fulltrúar uppfylla eftirfarandi kröfur: 1) Að þeir búi í viðkomandi borgarhluta. 2) Að þeir hafi reynslu og þekkingu á starfi grasrótarsamtaka í hverfinu.
- Þrír fulltrúar valdir með slembivali úr hópi íbúa á hverju svæði.
  - o Þetta verði gert í samræmi við lög um persónuvernd og í samráði við persónuverndarfulltrúa.
  - o Slembivaldir fulltrúar sitji saman í hópi sem fundar reglulega með starfsmanni íbúaráðanna þar sem hægt er að undirbúa fundi og ræða önnur mál er tengjast íbúaráðunum.

- Við alla ákvarðanatöku skal leitast við að ná samstöðu í ráðunum. Komi til atkvæðagreiðslu fer hver meðlimur ráðsins með eitt atkvæði.
- Ráðið velur sér formann úr sínum hópi.
- Formaður boðar til funda og ber ábyrgð á því að ráðin séu starfandi.